



STARFSÁÆTLUN

2020-2021

LEIKSKÓLINN FURUGRUND

Eva Sif Jóhannsdóttir
Leikskólastjóri

Efnisyfirlit - Skólastarf

Skólastarfið	1
Inngangur	2
Um leikskólann	2
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	2
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	2
Heimsmarkmið	2
Lýðræði og jafnrétti	3
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	3
Skólastarfið – Aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla	3
Heilbrigði og vellíðan	4
Sköpun og menning	4
Dagskipulag	5
Menningarviðburðir	5
Kynning á leikskólanum	6
Foreldrasamstarf	7
Stefna og áherslur	7
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	7
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	7
Foreldraráð	7
Starfsmenn	8
Starfsmannastefna	8
Áherslur í samstarfi	8
Samsetning starfsmannahópsins	8
Samstarf við grunnskóla	9
Mat og matsaðferðir	9
Starfsfólk	9
Börn	9
Forráðamenn	10
Sérkennsla	10
Öryggismál	10
Öryggisnefnd	10
Áfallaráð	10

Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni með hliðsjón af Aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Innan starfsáætlunar er fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Einkunnarorð leikskólans Furugrundar eru virðing, hlýja, öryggi og traust og höfum við þau að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Furugrund tók til starfa í apríl 1978 og er fjögurra deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 71 barn á fjórum deildum. Heildarrými leikskólans er 530 m², leikrými er 240 m² og flatarmál lóðar er 1664 m². Rými á hvert barn er 7,36 m², leik- og námsrými 3,23 m² á barn og lóðarrými 15,9 m².

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Leikskólinn Furugrund stefnir að því að fá að starfa sem réttindaskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn er mikilvægur samningur gerður af löndum sem hafa lofað að standa vörð um öll börn og réttindi þeirra. Barnasáttmálinn útskýrir hvað það þýðir að vera barn, öll réttindi barna og skyldur stjórnvalda til að tryggja þessi réttindi. Barnasáttmálann má líta á sem reglubók þar sem kemur fram hvernig fullorðnir eiga að hugsa um börn svo að þeim líði vel. Reglurnar í Barnasáttmálanum eru kallaðar mannréttindi, þau segja til um það sem allir eiga að lágmarki að hafa og njóta. Ef mannréttindi barna eru ekki virt þá þarf barn að geta látið vita af því og fengið hjálp. Ef barn er í þeim aðstæðum að geta ekki sjálft kallað á aðstoð þá eiga fullorðnir að láta vita á réttum stöðum svo að hjálp berist barninu. Markmið okkar með því að starfa sem réttindaskóli er að kynna fyrir börnum mannréttindi sín og annarra og að börnin séu virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu. UNICEF gefur út verkefnahefti fyrir leikskóla til að vinna með í kennslu með börnunum. Markmiðið er að hvert aldursár vinni með eitt verkefni úr hefti UNICEF og útfæri eftir sínu höfði nema í tilfelli elstu barnanna þá er stefnan tekin á að þau vinni með öll verkefni heftisins.

Heimsmarkmið

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um. Þau eru margþætt, metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til þess að innleiða markmiðin með formlegum hætti. Leikskólar Kópavogs hófu innleiðingu heimsmarkmiðanna haustið 2019 og byggja stefnu sína á fimmtán markmiðum. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þau geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Mikilvægt er að hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra. Leikskólinn Furugrund er Sólblómaleikskólinn sem merkir að við tökum þátt í að styrkja barn í SOS barnaporpi til náms og þroska. Teljum við að það að vera Sólblómaleikskóli gefi skemmtilega tengingu í bæði verkefni tengd Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum.

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að barnið hafi áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og rækti með sér samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í Furugrund er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og náms- og þroskaleið barna.

Ýmsir áhrifavaldar og kenningar þeirra innan uppeldisfræði hafa áhrif á okkar starf, Baumrind, Erikson, Adleer og Dreikurs eru þar þeir mikilvægust en kenningar þeirra tóna vel við stefnu okkar og einkunnarorð. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, hlýja, öryggi og traust og er markvisst unnið með þau allt árið um kring. Borin er virðing fyrir hverjum og einum einstakling og börnunum kennt mikilvægi þess að hlusta á alla og virða skoðanir hvors annars. Þannig geta þau leyst úr þeim málum sem kunna að koma upp af vinsemd og virðingu fyrir náunganum. Öllum í leikskólanum er sýnd hlýja og einnig er ýtt undir mikilvægi samkenndar, umhyggju og vináttu hjá börnunum og er markmiðið að kenna börnunum að laða fram hjá sér þessa þætti. Börnunum í Furugrund er tryggt öryggi með stöðugleika í skipulagi og viðmóti þannig að þau upplifi sig örugg í leikskólanum og séu frjáls til að vera þau sjálf. Börnin vita til hvers er ætlast af þeim og upplifa vellíðan og ánægju dag hvern fyrir tilstilli þess að í leikskólanum eru skýrar reglur. Í leik og starfi er ýtt undir sjálfshjálp barnanna og þeim treyst til að spreyta sig í hvívetna, gera mistök og læra af þeim. Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Návist leikskólakennarans við barnið í leik gefur starfinu í leikskólanum dýpra gildi.

Leikurinn skapar börnunum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir, tilfinningar og reynslu sína og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Frjálsi leikurinn er aðalsmerki leikskólans en í skipulögðu starfi skipa ákveðnir þættir öndvegi. Við leggjum áherslu á þróun hljóðkerfisvitundar og læsis og höfum þar unnið með Lubba sem finnur málbein, námsefni unnið af talmeinafræðingum. Samskipti eru stór hluti af lífi okkar og kemur vináttuverkefni Barnaheilla þar sterkt inn en þar er unnið með bangsann Blæ, klípusögur, vináttunudd og fleiri atriði. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einnig þáttur af okkar stefnu. Hreyfing, útivera og heilbrigði er einnig mikilvægur þáttur í námsskrá okkar og höfum við til dæmis lagt áherslu á jóga í starfi með börnum og markvissa hreyfingu. Einnig erum við svokallaður Erasmus skóli og stafar það af endurtekinni þátttöku okkar í hinum ýmsu Evrópuverkefnum. En slík verkefni stuðla að nýsköpun í kennslufræðum, þróun hæfni og færni kennara og þróun samstarfs í kennslu á milli landa. Einnig er verið að innleiða uppeldisstefnuna jákvæðan aga en hann gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu og rímar því afar vel við einkunnarorðin okkar.

Skólastarfið – Aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum ásamt því að fléttast inn í starfið. Námsvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Á eldri deildum er valkerfi með valtoflu. Það gefur börnunum tækifæri til að velja sér athafnarsvæði til að leika sér á, þau velja svo viðfangsefni innan ákveðins

ramma á athafnarsvæðið. Náms svið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja og hlýja skipar stóran sess í starfi leikskóla og er mikilvægt að börnin myndi náin og sterk tengsl við kennarana sína og sín á milli.

- Áhersla er á hollt og næringarríkt fæði
- Farið er í útveru að lágmarki einu sinni á dag þar sem grófhreyfingar, úthald og þor eru efld og börnin fá útrás fyrir hreyfipörf sína
- Leikfimi er einu sinni í viku
- Göngu- og vettvangsferðir eru mjög reglubundnar og ávallt reynt að tengja þær við þema vetrarins
- Samverustundir eru daglega þar sem börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra
- Áhersla er á góðar hreinlætisvenjur
- Elstu börnin fara í skógarferðir einu sinni í viku

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

- Lesið er á hverjum degi í litlum hópum, fjölbreyttar bækur og sögur kynntar fyrir börnunum.
- Sungið er á hverjum degi, börnin læra texta og lög
- Hvatt er til frásagnar hjá börnunum þeim kenndar þulur og vísur til að auka orðaforða þeirra.
- Hljóðfæri eru til staðar sem hægt er að nýta í starfinu með börnunum
- Fjölbreyttur efniviður til sköpunar er til staðar fyrir
- Eitt af valsvæðum á eldri deildum er hugsað sérstaklega fyrir skapandi starf og þar hafa börnin greiðan aðgang að fjölbreyttum efnivið.
- Íslenskri menningu er gert hátt undir höfði með ýmsu móti – farið er í leikhúsferðir, á söfn auk þess sem þulur og vísur er kenndar og haldið er upp á íslenskar hefðir
- Börnin fara í tónlistarstundir einu sinni í viku þar sem fjölbreytt tónlist, tónverkum ýmis hljóðfæri og hljóðgjafar eru kynnt fyrir börnunum.
- Samræmi er milli deilda hvaða sönglög er lögð áhersla á mánuð fyrir mánuð og gefur það samfellu í starfinu og setur skýr markmið.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með því að kynna sjálfbærni og vísindi fyrir börnunum er gera þau meðvituð um hlutverk sitt í vistkerfinu. Að vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er einnig að styðja við fróðleiksporsta og áhugasvið barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin vilja fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Aukin vitund barnanna um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Verðlaus efniviður er flokkaður og endurnýttur.
- Vel er hugsað og gengið um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska er í fyrirrúmi.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Sögustundir eru haldnar daglega fyrir alla aldurshópa – spurt er út í söguna sem lesin er og börnin hvött til frásagnar.
- Lubbastundir eru einu sinni í viku fyrir alla aldurshópa, þar er áhersla á örvun hljóðkerfisvitundar hjá börnunum.
- Samverustundir eru daglega og gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna.
- Þau tjá sig og læra að hlusta á aðra segja frá.
- Farið er í leiki, sungið, sagðar sögur, farið með þulur og spjallað saman. Einnig hafa þessar stundir nýst fyrir verkefni úr Barnasáttmálanum.
- Unnið er með samskipti í öllu starfi leikskólans.
- Ritmál er gert sýnilegt.
- Málörvunarhópar eru settir upp fyrir þau börn sem þurfa á auknum stuðningi að halda til að tileinka sér íslenskuna.
- Málörvunarefni leikskólans er litaflokkað og aðgengilegt fyrir alla starfsmenn.

Dagskipulag

Eldri deildir		Yngri deildir	
07:30	Leikskólinn opnar – Næðisstund	07:30	Leikskólinn opnar – Næðisstund
08:30-9:00	Morgunverður	08:30-9:00	Morgunverður
09:00-11:00	Val/hópastarf/íþróttir/útivera	09:00-11:00	hópastarf/jóga/íþróttir/útivera
11:00-11:30	Söngstund /hópastarf /tónlist	11:00-11:30	Hádegisverður
11:30-12:00	Hádegisverður	11:30-12:30	Hvíld
12:00-12:30	Lestrarstund/Hvíld	12:30-14:00	Útivera/Frjáls leikur
12:30-14:00	Útivera/skógarferðir	14:00-14:30	Söngstund/Lestrarstund
14:00-14:30	Söngstund/Samverustund	14:30-15:00	Síðdegishressing
14:30-15:00	Síðdegishressing	15:00-15:30	Samverustund/frjáls leikur
15:00-15:30	Samverustund/val	15:30-16:30	Frjáls leikur/útivera
15:30-16:30	Val/útivera	16:30	Leikskólinn lokar
16:30	Leikskólinn lokar		

Menningarviðburðir

- Á afmælisdögum barnanna útbýr barnið afmælistórónu með kennara, barnið fær að vera umsjónamaður og barnið fær að velja lag og bók dagsins. Börnin mega koma með veitingar að heima og er mælt til að þær séu með hollustuna í huga. Dæmi um veitingar eru poppkorn, ávaxtanammi eða saltstangir.
- Litadagar eru reglulega í gegnum árið, þá mæta starfsfólk og börn í þeim þemalit sem er hverju sinni
 - Gulur dagur er í febrúar og er tengdur hækkandi sól og sólarkaffi
 - Blár dagur er í apríl en þá er tengt við bláan apríl, þar sem áherslan er á auka vitund og þekkingu á einhverfu
 - Grænn dagur er í október og er þá tengt við að alþjóðlegan baráttudag gegn einelti, gengið er um Fossvogsdalinn með leikskólunum Grænatúni og Álfatúni ásamt Snælandsskóla.

- Rauður dagur er í desember í anda hefðarinnar um rauðan lit jólaanna
- Heimsóknir á söfn bæjarins eru farnar að minnsta kosti einu sinni á önn
- Í janúar blótum við þorrann að heiðnum sið með þorramat og þorragleði, söng og pulum.
- Á bolludaginn í febrúar eru bolludagsbollur borðaðar að íslenskum sið og einnig eru fiskibollur í hádegisverð.
- Á sprengidag eru saltkjöt og baunir í hádegismat
- Öskudagsball er á Öskudag, börn og kennarar klæðast búningum eftir eigin smekk og áhuga. Við dönsu, syngjum og sláum köttinn úr tunnunni og fáum ávaxtanammi.
- Sólarkaffi er haldið í febrúar að vestfirskum sið, bakaðar pönnukökur og lengingu dagsbirtu fagnað. Þessi dagur er einnig tengdur gula deginum.
- Haldið er í húsdýragarðinn að vori og heilsað upp á dýrin og taka börnin með nesti sem borðað er í Grasagarðinum.
- Útskrifaferð elstu barnanna er í maí og gist í eina nótt.
- Foreldrafélagið býður í sveitaferð í maí.
- 11. maí er afmæli Kópavogsbæjar og höldum við upp á það með því að vorsýningu á verkum barnanna og opnu húsi.
- Í júní verður haldin sumarhátíð foreldrafélags leikskólans andlitsmálun, skemmtiatriði og gleði.
- Uppskeruhátíð er í lok ágúst en þá er grænmetið sem ræktað var um sumarið tekið upp úr skólagörðunum, elduð kjötsúpa sem börnin hjálpa til við að elda.
- Haldið er upp á alþjóðlega bangsadaginn í október. Börnin eru þá hvött til þess að mæta í náttfötum í leikskólann og hafa með sér uppáhalds bangsann sinn. Þennan dag eru bæði gerð verkefni og lesnar sögur með bangsa þema.
- Þjóðleikhúsferð elstu barnanna er í desember.
- Boðið er upp á danskennslu á vegum Dagnýjar Bjarkar Pétursdóttur danskennara í samvinnu við foreldrafélagið í sex vikur frá nóvember til desember. Frestast fram í janúar þetta árið.
- Jólaball er haldið í byrjun desember í Guðmundarlundi þar sem boðið verður upp á piparkökur og kakó.
- Elstu börn leikskólans fara í desember í heimsókn í Sívertsen hús í Hafnarfirði og kynnst því hvernig jólahald var á fyrri tímum.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur boðið elstu börnunum á tónleika einu sinni á ári.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Smáforritið Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk sem við notum til daglegra samskipta.

Kynningarbæklingur er inni á heimasíðu leikskólans og má finna hann hér: [Kynningarbæklingur](#) Nýjum foreldrum er bent á að kynna sér bæklinginn og heimasíðu skólans.

- Foreldrar fá sendan föstudagspóst vikulega með fréttum úr starfinu
- Leikskólastjóri sendir út fréttabréf um það bil mánaðarlega með fréttum úr starfinu, sú nýjung var tekin upp að nota *Smore* til að gera fréttabréfið og hefur það mælst vel til.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar og starfsfólk Furugrundar leggja mikið upp úr því að foreldrar upplifi sig velkomna í leikskólann, að þeir upplifi að hér fer fram metnaðarfullt starf og að kennurunum sé annt um börn þeirra. Samstarf kennara og foreldra byggir á gagnkvæmum skilningi, viðhorfum og þekkingu. Traust er einnig afar mikilvægur þáttur í öllu foreldrasamstarfi, að hægt sé að deila sjónarmiðum og taka sameiginlegar ákvarðanir. Formlegt samstarf fer fram í gegnum foreldrasamtöl, foreldrafundi, fréttabréf og vikupósta en óformlegt samstarf fer meira fram í gegnum dagleg samskipti, upplýsingatöflur á deildum og Völu. Smáforritið Vala er einnig að reynast okkur vel, þrátt fyrir nokkra hnökra, en þar getum við sett inn upplýsingar um hvernig barnið borðaði yfir daginn, hvernig það svaf (ef við á) og átt bein samskipti við einstaka foreldra og komið upplýsingum áfram á einfaldan hátt.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Mikilvægt er að foreldra séu upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Nýjum forráðamönnum er sendur eða afhentur bæklingur með upplýsingum um leikskólann og starfsemi hans. Nýr bæklingur var gerður nú í haust og er kominn á heimasíðu leikskólans auk þess sem hann var kynntur í fréttabréfi nóvember mánaðar. Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýrra barna er ávallt að hausti hvert ár. Þeir forráðamenn sem ekki geta nýtt sér fundinn geta komið í viðtal til leikskólastjóra. Haldnir eru fundir með forráðmönnum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf. Handbók foreldrafélagsins/ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans. Hver deild er með lokaða Facebook síðu sem notuð er til upplýsingagjafar. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og mars.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi

Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu. Byggt er á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Forráðamenn eru ávallt velkomnir í leikskólann en eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi fyrir nokkrum sinnum yfir árið, útskrift elstu barnanna og vorsýningu barnanna. Þeir sjá einnig um í samráði við leikskólastjóra að skipuleggja og taka þátt í hinum ýmsu viðburðum í og á vegum leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum úr hópi foreldra.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrafélagssjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður. Foreldrafélag leikskólans er með lokaða Facebook síðu sem er nýtt til upplýsingagjafar. Stjórn

félagsins er skipuð fimm fulltrúum og tveimur varamönnum sem kosnir eru á aðalfundi félagsins að hausti ár hvert.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda. Góður starfsandi eykur vellíðan allra, bæði starfsmanna og barna. Hver og einn ber sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda. Mikil áhersla er lögð á uppbyggileg samskipti í starfsmannahópnum. Að á fólk sé hlustað og skoðun þess hafi vægi. Við leggjum mikla áherslu á liðsheild, að við hjálpumst að og nýtum styrkleika hvers annars. Starfsmannahópurinn hefur sett sér tíu samskiptareglur sem eiga að endurspegla þá menningu sem við viljum hafa innan leikskólans. Einkunnarorð skólans fléttast inn í alla þætti starfsins hvort sem það er innan starfsmannastefnu Furugrundar, námsstefnu eða uppeldisstefnu. Í öllu okkar starfi eru þau höfð til hliðsjónar.

Áherslur í samstarfi

Aðalsmerki leikskólans Furugrundar er mannauðurinn, fólkið skapar skólann. Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt þannig. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska ásamt því að auka hæfni starfsfólks. Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar sem tengjast leikskólanum og áherslum í starfi. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Þar gefst tækifæri til ígrundunar, samráðs og handleiðslu og þar gefst starfsmönnum einnig tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu. Til staðar er starfsmannahandbók en hana þarf að endurskoða.

Morgunfundir eru haldnir daglega þar sem dagurinn er skipulagður, haft er samráð sem og upplýsingum komið áfram til starfsmanna. Þessir fundir nýtast afar vel og eru okkur ómissandi í nánú samstarfi okkar. Deildarfundir eru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega en oftár ef þörf er á, þar er rætt um skipulag, faglegt starf og börnin. Stjórnendafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega að jafnaði þar sem rætt er um þau mál sem eru efst á baugi, teknar ákvarðanir um starf næstu vikna og starfið skipulagt. Fagfundir eru einu sinni á önn að lágmarki en þar er tekið fyrir fagmennska kennara, uppeldis- og menntunarmál ásamt skipulag og breytingar á starfinu.

Settar hafa verið á nefndir vegna þeirra námsþátta sem við leggjum áherslu á nú í haust verða starfandi sex nefndir. Hverri og einni er ætla að auka samfellu í námi barnanna, útbúa kennsluáætlanir, auka samráð starfsfólks og tryggja að allir stefni að sama marki. Nefndirnar fjalla um: Læsi, Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin, Evrópuverkefnið okkar, tónlistarstundir, leikfimi. Auk þess er nefnd að störfum sem sér um að útfæra og skipuleggja persónumöppur barnanna sem fengið hafa heitið *Gleymérei*. Samráð og samstarf innan leikskólans er mikið og gott og reynt að nýta jafningjahandleiðslu til að styrkja einstaka starfsmenn. Ávallt er í boði fyrir deildarstjóra að sækja sér handleiðslu á menntasviðið. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara hver í sinn jafningja handleiðsluhóp nokkur skipti yfir árið. Í slíkri handleiðslu eru rædd ýmis málefni sem varða starfið og er markmiðið að styrkja stjórnendur í starfi.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Furugrund er gert ráð fyrir ríflega 20 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 30% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og tæpum tveimur stöðugildi í

eldhúsi. Allar deildir eru þar að auki með útreiknað starfshlutfall afleysingar vegna veikinda, undirbúningstíma kennara og sérkennslu einstaka barna.

Í Furugrund starfa fjórtán leikskólakennarar og átta leiðbeinendur, þar af eru fjórir þeirra í leikskólakennarafræðinámi. Við skólann starfa einnig þrír starfsmenn í skilastöðum sem eru hlutastörf. Starfmannahald skólaársins lofar mjög góðu en mikill stöðugleiki og reynsla einkennir starfsmannahaldið í Furugrund.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári stálpaða unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og hefur það oft á tíðum reynst skemmtileg viðbót við starfsmannahópinn á sumrin. Margir þeirra hafa svo sóst eftir áframhaldandi starfi eftir átján ára aldur.

Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Samstarf leik- og grunnskóla er í sífelldri þróun og unnið er að því á mismunandi hátt í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins. Formlegt samstarf er við Snælandsskóla og er það útfært ár hvert í samvinnu deildarstjóra beggja skóla. Deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra sjá um svokölluð skólaskil þar sem fundað er um þarfir barnanna sem færast á milli skólastiga að vori ár hvert. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli leik- og grunnskóla bæði fyrir og eftir áramót. Mjög gott samstarf hefur verið um afnot af skólastofu í Snælandsskóla einn dag í viku allan veturinn þar sem elstu börnin fara í EBV (Elstu barna verkefni) einnig hefur íþróttasalur Snælandsskóla verið okkur aðgengilegur alla morgna fyrir leikfimi barnanna.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við marga aðila. Samstarf við starfsfólk menntasviðs Kópavogs er mjög farsælt og gott að leita til þeirra sem þar starfa. Farsælt samstarf hefur verið í mörg ár við ýmsa ráðgjafa og sérfræðinga í málefnum barna utan leikskólans, svo sem Greiningar- og ráðgjafastöðina, sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga og starfsmenn hjá Æfingastöðinni svo einhverjir séu nefndir. Gott samstarf er einnig við alla þá fjölmörgu birgja og aðra aðila sem koma að starfssemi leikskóla.

Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun. Ýmsar matsaðferðir eru notaðar hjá leikskólum Kópavogs.

Starfsfólk

Starfsfólk metur innra starf hvers námssviðs Aðalnámsskrár leikskóla og er eitt námssvið metið á hverju ári þannig að fjórða hvert ár er hvert þeirra tekið fyrir. Námssviðin sem um ræðir eru; heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti. Rafræn starfsmannakönnun er send út annað hvert ár til starfsmanna og er starfið, samstarf og samskipti skoðuð. Starfsmannasamtöl fara fram árlega, annað hvert ár með deildarstjóra og annað hvert ár með leikskólastjóra og/eða aðstoðarleikskólastjóra.

Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar þroska barnanna hvert sinn. Sjáum við möguleika í því að nýta okkur þekkingu og reynslu okkar er varðar Evrópuverkefnið um tilfinningagreind sem og verkefnabók Barnasáttmálans sem matsaðferðir.

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Forðast

skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna. Hljóm-2 gefur forspárgildi varðandi lestarörðugleika barna og er markmiðið að finna strax í leikskóla þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestarörðugleikum.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.

Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár í rafrænni könnun frá Skólapúlslinum, næst vorið 2021. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara. Því er mikilvægt að taka allar ábendingar til athugunar og rýna til gagns.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn. Við leggjum mikla áherslu á samvinnu við foreldra þegar kemur að sérkennslu. Samvinnu sem byggð er á gagnkvæmu trausti. Foreldrar taka þátt í ákvarðanatöku er varðar börnin þeirra, á þá er hlustað og tillit tekið til sjónarmiða þeirra.

Í leikskólanum Furugrund leggjum við mikla áherslu á snemmtæka íhlutun. Við styðjumst við AEPS við gerð einstaklingsnámsskrá. AEPS er færnimiðað matskerfi sem byggir á skipulögðum vinnubrögðum. Með notkun AEPS við gerð námsskráa er auðvelt að fylgja eftir framförum, setja skýr markmið og skiplagða íhlutun í gang. Auk þess sem vinna í þverfaglegu teymi verður auðveldari.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnu-eftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir. Í áfallaráði skólans sitja leikskólastjóri eða staðgengill hans, deildarstjórar auk sérkennslustjóra. Hlutverk áfallaráðs er að vera til aðstoðar við að mæta ýmis konar áföllum sem börn og/eða starfsfólk verða fyrir eða tengjast. Áfallaráð er ávallt bundið trúnaði.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins](#)
[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Efnisyfirlit

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs.....	13
Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir	13
Barnasáttmálinn	13
Heimsmarkmið	13
Námssvið	13
Mat og matsaðferðir	13
Börn	14
Sérkennsla	14
Mat forráðamanna	14
Samsetning starfsmannahópsins.....	14
Mat starfsmanna	14
Þróunar- og nýbreytnistarf	16
Skipulagsdagar	16
Endur- og símenntun	16
Nemar	17
Viðhald.....	17
Öryggismál.....	17

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Í ár er unnið með nýja uppsetningu á starfsáætlun, mat á skólastarfi og umbótaáætlun. Starfandi leikskólastjóri hefur ekki komið að gerð starfsáætlunar áður og sá þáverandi leikskólastjóri alfarið um gerð áætlunarinnar.

Hópastarf var einu sinni í viku, unnið var í fámennum hópum og kennsla miðuð við aldur og þroska barnanna í hverjum hóp fyrir sig. Þemað hefur haldið sér undanfarin ár á yngri deildum en á eldri deildum hefur hópastarfið einkennst af þeim Erasmus+ verkefnum sem við höfum verið þátttakendur í hverju sinni. Farið var að bera aðeins á þreytu varðandi þetta og því ákveðið að í haust yrðu tekin upp ný þemu á eldri deildum auk þess sem verkefni tengd Erasmus+ yrðu fundinn annar farvegur en að leysa þau innan hópastarfsins. Jóga og vináttustundir með Blæ hafa gengið vel en stundum hafa kennara rætt um að þeim finnist klípusögurnar í vináttuverkefnunum ekki alveg nógu góðar. Var því ákveðið að sleppa ákveðnum spjöldum þar sem verkefnin eru ekki talin aldurssvarandi. Varðandi Lubba var stefnan tekin á að útbúa kennsluáætlanir fyrir hvern aldurshóp fyrir sig, bæði svo ekki yrði of mikil endurtekning og einnig til að fá betri samfellu í læsisverkefni. Hefðir leikskólans lituðust aðeins á vorönn af samkomutakmörkunum en þó náðist að halda útskrift elstu barnanna hátíðlega undir berum himni í garðinum okkar. Auk þess sem útskriftarferðin var með breyttu sniði en gist var í leikskólanum eina nótt, frá fimmtudegi til föstudags. Almennt var mjög mikil ánægja með þessa tvo þætti.

Barnasáttmálinn

Formleg vinna við innleiðingu Barnasáttmálans náði ekki flugi fyrr en á haustmánuðum 2020 og liggur nú fyrir verkaskipting og skipulag varðandi það. Því hlökkum við til að takast enn betur á við verkefnið sem sáttmálanum fylgja á nýju skólaári.

Heimsmarkmið

Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er ekki formlega hafin en er á stefnuskrá að vori 2021.

Námssvið

Vel hefur tekist til við að fylgja námssviðum Aðalnámsskrár. Einna helst finnst okkur vanta upp á að skipuleggja með kennsluáætlunum ákveðna þætti námsins og er gott og gagnlegt að rýna í hvern þátt fjórða hvert ár.

Mat og matsaðferðir

Starfsmannakönnun var framkvæmd af Skólapúlshinum að vori 2020. Vinna þarf betur úr niðurstöðum en sjá má helstu niðurstöður könnunarinnar hér að neðan. Allir starfsmenn áttu starfsmannasamtöl hjá sínum deildarstjóra en fyrir það höfðu allir deildarstjórar átt samtöl við starfandi leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Rýna þarf betur í niðurstöður þessar samtala en margt mjög jákvætt kom úr þeim. Einnig gefst tækifæri til að breyta eða aðlaga ákveðna þætti sem gagnrýndir voru á þessu skólaári.

Innra mat fór fram á námssviðspættinum sköpun og menning má einnig sjá helstu niðurstöður hennar hér að neðan.

Starfið var ekki metið út frá börnunum þetta skólaárið en stefnt er að því að það verði gert snemma á næsta ári. Stefnt er að því að búa til staðlaða könnun með börnunum og nota til þess tilfinningaspjöld sem leikskólinn á nú þegar. Einnig munum við búa til staðlaðar spurningar fyrir hvern aldurshóp fyrir sig.

Börn

Fjöldi barna í leikskólanum Furugrund skólaárið 2019-2020 var 72 börn. Fjöldi barna þetta skólaárið sem alast upp tví/fjöltýngd eiga foreldra frá níu mismunandi þjóðernum. Dvalartímar fyrir hvern dag voru 697. Barngildi voru 87,12.

Dvalartími barnanna var:

<i>Dvalartími í klukkustundum</i>	<i>Fjöldi barna</i>
4-6,5	4
7-7,5	11
8	44
8,5	13

Aldursdreifing barnanna var:

<i>Fæðingarár</i>	<i>Fjöldi barna</i>
2019	3
2018	6
2017	16
2016	10
2015	18
2014	19

Sérkennsla

Börn sem nutu sérkennslu í einhverju formi síðastliðinn vetur voru tuttugu og eitt. Unnið var í teymum sem mynduð voru í kringum hvert og eitt barn sem falla undir skilgreiningar 1. eða 2. flokks sérkennslu, alls sex, fimm drengir og ein stúlka. Einnig voru mynduð teymi utan um nokkur börn sem falla undir skilgreiningar 3. og 4. flokks. Þar að auki hefur sérkennslustjóri haldið utan um mál barna með margskonar vanda sem ekki hefur verið greindur sem frávik heldur sem tímabundið utanumhald. Flest teymin voru tilkomin vegna röskunar á einhverfurófi, ADHD, hegðunar- og/eða tilfinningavanda, málþroskafrávika og framburðarfrávika auk gruns um seinkun í almennum þroska.

Mat forráðamanna

Engar kannarnir voru gerðar á upplifun foreldra af skólastarfinu þetta árið. Starfandi leikskólastjóri hefði áhuga á því að kanna upplifun foreldra að aðlögun barna í leikskólanum sem og aðlögun barna á milli deilda.

Samsetning starfsmannahópsins

Starfsárið 2019 - 2020 voru um tuttugu stöðugildi í leikskólanum, en þar af um tvö stöðugildi vegna sérkennslu. Í Furugrund störfuðu:

<i>Starfsheiti</i>	<i>Fjöldi</i>
<i>Leikskólakennari</i>	15
<i>Leikskólasérkennari</i>	4
<i>Leikskólakennaranemi</i>	3
<i>Leiðbeinandi</i>	8

Mat starfsmanna

Starfsmannakönnun fór fram vorið 2020 og voru helstu niðurstöður hennar að starfsfólk telur sig vita vel til hvers er ætlast af þeim í starfi og hvað fellur undir þeirra ábyrgð. Gaman er að sjá að 96% starfsfólks telur starf sitt mjög mikilvægt. Einnig var mjög jákvætt að sjá hversu auðvelt fólk telur sig eiga með samskipti við barnahópinn, að hvetja börnin, ýta undir félagsfærni og vináttu þeirra, styðja þau og leiðbeina þeim. Leikskólinn Furugrund var yfir landsmeðaltali í öllum þáttum matsins nema

„virkar samræður um starfið“ en gefa þarf sérstakan gaum að því að halda reglulega fundi með starfsmannahópnum í heild sem og í smærri einingum. Þeir starfsmenn sem ekki fá undirbúningstíma hafa ekki talið sig hafa nægan tíma til að undirbúa starfið. Með tilkomu aukinna undirbúningstíma kennara hefur fundist sveigjanleiki til þess að koma betur til móts við þessa starfsmenn og tryggja þeim verkefni við hæfi. Vonumst við til þess að með þessari breytingu verði almennt meiri ánægja. Ánægja með sérkennslu var langt yfir meðaltali og aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans einnig, sama má segja með þátttöku í þróunarstarfi.

Fleiri niðurstöður voru:

Það sem var gott:

- gott, vandað og faglegt starfsfólk – ómetanlegur mannauður
- Flott og faglegt starf
- Góður starfsandi, léttur og góður húmor
- Evrópuverkefnin – frábært tækifæri
- Gott að leita til samstarfsfólks
- Stöðugt starfsmannahald

Hvað má bæta:

- Vinnuaðstaðan – að fundarherbergi og undirbúningsherbergi séu eitt og sama rýmið.
- Húsið er úr sér gengið og plássleysi.
- Passa upp á að deildarfundir falli ekki niður.
- Passa upp á hreinskilni og trúnað í samskiptum, ræða málin á réttum stöðum við rétta aðila og taka á ágreiningsmálum og ræða strax.
- Oft mikið álag vegna veikinda starfsmanna.

Margt af því sem þarf að bæta ætti að vera tiltölulega auðsótt mál, eins og að passa upp á að fundir haldi sér og að allir passi upp vel upp á sjálfa sig og samskipti sín. Starfandi leikskólastjóri hefur mikinn áhuga á að bjóða upp á fleiri fyrirlestra á vegum KVAN til þess að auka samskiptahæfni starfsmannahópsins og efla starfsandann. Hvað varðar húsnæðið og aðstöðuleysi er svo sem lítið hægt að gera nema skipuleggja enn betur fundi og fundartíma og að þeir skarist sem minnst á við undirbúningstíma starfsmanna. Með auknum undirbúningstíma kennara og styttingu vinnuvikunnar vonumst við til að álag minnki, að veikindum fækki og að starfsánægja aukist.

Þetta árið tóku deildarstjórar starfsmannasamtöl við starfsfólk á sínum deildum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtöl við alla deildarstjóra og sérkennslustjóra. Markmiðið með starfsmannasamtölum er að ræða um líðan starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara og hvernig hann telur starfið ganga í heild sinni. Starfsmannasamtöl gengu afar vel og var almenn ánægja með þau. Mikil þörf er á slíkum samtölum og verður þeim fylgt eftir og unnið með þau atriði sem komu upp. Meðal annars var spurt út í hvað það væri sem starfsmenn væru stoltir af í Furugrund og má sjá þau svör hér að neðan:



Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Hafið er vinna með Heimsmarkmiðin og Barnasáttamála sameinuðu þjóðanna en sú vinna er einungis á frumstigi. Endurtekin þátttaka okkar í Evrópuverkefnum heldur okkur sífellt á tánum sem verður að teljast mjög jákvætt. Með þátttöku í slíkum verkefnum eykst færni okkar til að takast á við nýja hluti, auðveldar innleiðingu sem og eykur starfsánægju.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru 4 á starfsárinu þar sem einum var frestað vegna Covid 19.

- 13. september – kynning á Lísu og Völu fyrir alla starfsmenn, jafnréttis- og áfallaáætlanir kynntar, Evrópuverkefni tekið fyrir, staða á innleiðingu Heimsmarkmiða og Barnasáttmálans, vetrarstarfið undirbúið, sérkennsla, leiðir hennar og skipulag kynnt starfsfólki.
- 21. nóvember – Jákvæður agi heilsdagsnámskeið.
- 2. janúar - starfasmannafundur, námsþátturinn sköpun og menning yfirfarinn, næringarfræðingur kom og var með erindi um lýðheilsu barna.
- 16. mars var settur auka skipulagsdagur vegna Covid-19 til að undirbúa breytingar á starfinu og skipulagi þess vegna breyttra sóttvarnareglna.
- 22. maí – skipulagsdagur féll niður vegna Covid-19.

Endur- og símenntun

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarmiðlunar og annarra endurmenntunarstofnana. Skipulagsdagar voru einnig nýttir að hluta eða öllu leyti til símenntunar. Allir starfsmenn sóttu fyrirlestur um Barnasáttmálann í tilefni að innleiðingu hans. Allir deildarstjórar fóru á námskeið hjá Þekkingarmiðlun varðandi stjórnun. Jónína Hauksdóttir leikskólastjóri hélt námskeið um uppeldisaðferðina Jákvæður agi fyrir alla starfsmenn skólans. Thelma Rún Rúnarsdóttir næringarfræðingur hélt erindi um lýðheilsu barna fyrir starfsfólk og foreldra

leikskólans í tengslum við Evrópuverkefni sem skólinn er þátttakandi í. Anna Kristín Newton sálfræðingur hélt fyrirlestur um kynhegðun barna og ungmenna fyrir alla starfsmenn skólans.

Fundir

Ekki gekk nógu vel að halda áætlun varðandi deildarfundi og nefndafundi né stjórnendafundi, við bættum þó töluvert úr því í lok annar þegar aðeins fór að léttast á Covid-19. Bæta þarf úr því næsta skólaár þar sem mikilvægi þessara funda er gríðarlegt.

Samstarf

Fínt samstarf hefur verið við Snælandsskóla í tengslum við að brúa bilið milli skólastiga með skólaheimsóknum. Auk þess sem við fáum ávallt aðgang að einni kennslustofu fyrir elstu barna verkefni og íþróttahúsi skólans fyrir íþróttakennslu. Á Vináttudeginum 8. nóvember tókum við þátt í göngu gegn einelti sem haldin var í samstarfi við Snælandsskóla, leikskólann Grænatún og leikskólann Álfatún. Börnin í Snælandsskóla bera þá ábyrgð á litlum vin af leikskólanum sem þau leiða í göngunni, spjalla við og kynnast. Svo er farið í sal Snælandsskóla þar sem boðið er upp á skemmtiatriði. Þetta hefur ávallt verið vel heppnaður dagur. Samstarf við utanaðkomandi sérfræðinga, Menntasvið og aðra sem koma að starfi skólans hefur gengið mjög vel. Afar gott aðgengi var að starfsfólki Menntasviðs þó að samskipti á vorönn hafi verið rafrænni en ella. Leikskólinn Furugrund fékk viðurkenningu fyrir þátttöku sína í eTwinning verkefninu Be a master – let's celebrate Christmas together og varð í framhaldinu eTwinning skóli. Í vor var ekki hægt að halda vorsýningu og var þá brugðið á það ráð að senda foreldrum vorsýninguna með Sway.

Þátttaka í rannsóknum

Pneumococccarrannsókn á vegum Landspítala fór fram líkt og síðastliðin ár.

Nemar

Veturinn 2019 - 2020 voru þrír starfsmenn Furugrunda í leikskólakennaranámi við Háskóla Íslands. Einn þeirra lauk námi og útskrifaðist sem kennari að vori 2020. Tveir aðrir starfsmenn skráðu sig til náms haustið 2020, annar bætir við sig meistaraþrófi til að öðlast kennsluréttindi og hinn hefur grunnnám, hlökkum við til að fylgja þeim í þessari vegferð.

Viðhald

- Innrétting sett upp á Dropasteini
- Viðgerð á leka á Álfasteini

Öryggismál

Á skólaárinu er að starfandi leikskólastjóra vitandi skráð eitt slys sem meðhöndlað var á heilsugæslu.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Efnisyfirlit

Umbótaáætlun næsta skólaárs	19
Skólastarfið	19
Barnasáttmáli	20
Heimsmarkmið	20
Umbætur varðandi námssviðið sköpun og menning	20
Matslistar – umbótaáætlun.....	21
Börn	21
Sérkennsla	21
Foreldrakönnun	21
Samsetning starfsmannahópsins.....	21
Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári	22
Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá	22
Endur- og símenntunaráætlun	23
Fundir	23
Rannsóknir.....	23
Samstarf.....	23
Nemar.....	23
Viðhald.....	23
Öryggismál.....	24
Lokaorð.....	24

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Skólastarfið

Í Furugrund er skólastarfið skipulagt út frá ákveðnum föstum punktum. Börnunum er skipt upp í hópa eftir aldri og fara þau í hópastarf einu sinni í viku. Þema hópastarfsins verður með aðeins breyttu sniði í ár. Yngri deildir munu áfram vinna með þemað: ég sjálfur og fjölskyldan mín. Þekking á grunnlitum og formum kemur þar inn í. Á yngri deildum enda börnin alltaf hópastarfið á jóga og Blæ – vináttustund sem hefur reynst mjög vel í starfi með þeim, einnig tvínum við þar inn það besta sem við tókum með okkur úr Evrópuverkefninu um tilfinningagreind sem við lukum þátttöku í á síðasta ári. Börn fædd 2017 á eldri deildum munu vinna með þemað fiskar og lífríkið við Ísland. Börn fædd 2016 á eldri deildum munu vinna með þemað fuglar við Ísland. Börn fædd 2015 munu vinna með þemað þjóðsögur og ævintýri. Hópastarf verður áfram einu sinni í viku þar sem unnið verður með þessi þemu. Börn á eldri deildum ljúka eða byrja hópastarf á því að fara í Blæ – vináttustund. Jóga á eldri deildum fer fram í íþróttum þar sem íþróttatímanum lýkur á jóga og slökun. Áfram verður áhersla á læsi og samskipti þar sem unnið og kennt er í gegnum Lubbastundir og Blæ vináttuverkefni Barnaheilla. Þessar stundir verða á samverustundartímum í dagsskipulagi okkar.

Það sem þarf að gera betur:

- Gera umhverfi barnanna þannig að það hvetji enn fremur til læsis, nýta Lubbabein, stafamyndir og plaköt.
- Stefnt er að því að hafa læsisátak einu sinni á önn.
- Halda áfram að setja orð á tilfinningar barnanna og hjálpa þeim út úr aðstæðum sem þau ráða ekki við. Einnig að kenna þeim að biðja um hjálp ef þau ráða sjálf ekki við aðstæður.
- Passa upp á jafnræði í vettvangsferðum barnanna þvert á aldur – setja upp ferðaplan að vori.
- Kenna börnunum mikilvægi sjálfbærni og sóunar í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Útbúa fleiri kennsluáætlanir fyrir hinar ýmsu stundir innan dagskipulagsins – svo sem Lubba og læsi, EBV (elstu barna verkefni), hugmyndabanka fyrir leikfimi, tónlistarstundir, lestrarstundir og hugmyndabanka fyrir samverustundir.
- Auka lýðræði barnanna, skrá og meta betur áhuga, vilja og viðhorf barnanna gagnvart skipulagða starfinu og líðan þeirra í takt við Barnasáttmálann. Hafa oftarnafundi. Taka upp að hver barnahópur fær að velja hvað verður í matinn einu sinni í mánuði í samráði við matráð.
- Bæta aðgengi að verðlausum og skapandi efnivið inni á deildum.
- Kynna okkur mismunandi menningu annarra þjóða og þá sérstaklega upprunalönd barna sem eru nemendur í leikskólanum hverju sinni og gera menningu þeirra þannig sýnilegri.
- Passa upp á skiptingu barnanna í minni hópa og nýta svæði leikskólans eins og hægt er. Fara með hluta barnanna í vettvangs- og/eða gönguferðir. Þetta eykur gæðin í leikskólastarfinu og bætir á sama tíma hljóðvist.
- Nýta jafningjafræðslu við innleiðingu nýrra hluta.

Það sem er í vinnslu eða er gert vel:

- Vinna við nýjan kynningarbækling hófst nú í haust og lauk þeirri vinnu í byrjun nóvember og er hann kominn á heimasíðu leikskólans.
- Vinna við nýja söngbók hófst einnig á haustmánuðum og er sú vinna enn í gangi og verður söngbókin sett inn á heimasíðu leikskólans um leið og hún er tilbúin.
- Hafin er vinna við endurskoðun skólanámsskrár Furugrunda og er stefnt á áframhald á þeirri vinnu á skipulagsdögum að vori og vonandi mun ný námsskrá verða kynnt fyrir sumarlokun.
- Innleiðing jákvæðs aga er í vinnslu og mun seinni hluti námskeiðsins vonandi fara fram í janúar 2021 en nú þegar hafa ákveðnir þættir verið teknir inn í starfið.

- Síðdegishressing barnanna var endurskoðuð nú á haustmánuðum og er nú boðið upp á fjölbreyttari og hollari hressingu en áður. Tekið hefur verið inn lífskornsbrauð, flatkökur og heimabakstur aukinn. Á móti hefur annað verið tekið út í staðinn. Aukið hefur verið við fjölbreytni í áleggstegundum og ákveðnar áleggstegundir teknar út.
- Í vinnslu er að útbúa fleiri kennsluáætlanir og betra skipulag fyrir fleiri stundir innan dagskipulagsins okkar þar sem það á við. Það eykur líkurnar á því að allir starfsmenn geti tekið fyrir slíkar stundir og upplifi sig öruggari í starfi.
- Rifja þarf upp læsisstefnu Kópavogsbæjar og nýta sér við gerð kennsluáætlana fyrir sögustundir. Útbúa þarf leiðbeiningar sem hafa þarf tiltækar í sögustundum um það hvernig lesa á fyrir börnin svo þau fái sem mest út úr stundinni.
- Vinnsla við skipulagningu persónumappa er hafin og stefnt er að því að ljúka á vorönn.
- Innleiðing á Workplace fyrir starfsmenn hefur gengið vel.
- Innleiðing á OneDrive fyrir starfsmenn hefur gengið vel.
- Innleiðing fagfunda en fyrsti fagfundurinn var haldinn haustið 2020.
- Lög mánaðarins samræmd á milli deilda og foreldrar fá upplýsingar um lög.

Barnasáttmáli

Innleiðing Barnasáttmálans er nú í fullum gangi hjá okkur og er stefnan tekin á að hver árgangur taki einhvern þátt í henni. Börnin hafi því heyrt minnst á Barnasáttmálann og unnið að lágmarki eitt verkefni úr honum á hverju ári þar til þau fara á elsta ár leikskólans. Verkefnin eru þá útfærð eftir aldri og þroska barnanna hverju sinni. Stefnan er tekin á að fara í dýpri vinnu með elstu börnunum og leysa öll verkefni Barnasáttmála heftisins saman í samverustundum yfir veturinn, fjögur verkefni á hvorri önn. Hópstjóri elstu barnanna heldur utan um þessa vinnu hverju sinni. Einnig ætlum við að tengja betur saman og Barnasáttmálann og virkja okkur í að vera sýnilegur Sólblómaleikskóli.

- Börn fædd 2018 – vinna með verkefni eitt – vináttuverkefni – hvað gerir góðan vin?
- Börn fædd 2017 – vinna með verkefni sex – fjölskyldan mín – að eiga rétt á umönnun
- Börn fædd 2016 – vinna með verkefni tvö í – orð sem meiða
- Börn fædd 2015 – vinna öll verkefni – unnið í samverustundum

Heimsmarkmið

Stefnt er að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hjá Kópavogsbæ á árinu og þarf hver skóli að kortleggja sína stöðu. Markmið okkar varðandi heimsmarkmiðin munu því skýrast síðar á skólaárinu.

Umbætur varðandi námssviðið sköpun og menning

Helstu niðurstöður úr því mati eru þær að kennarar ætla að:

- Skoða oftast listaverkabækur með börnunum.
- Kynnast menningu fleiri þjóða – okkur langar að gera það með því að hafa fjölmeningaviku einu sinni á ári. Einnig að kynnast matarhefðum frá upprunalöndum barnanna í samstarfi við foreldra.
- Vera duglegri að nota Boomwackers í tónlistarstarfi með börnunum.
- Vera duglegir að nota kóðunarleikföng í starfi með börnunum.
- Leggja meiri áherslu á að spyrja börnin út í verk sín og auka tjáningu þeirra.
- Kenna börnunum fleiri þulur.
- Nýta samveru – og söngstundir betur til að hlusta á fjölbreytta tónlist, dans og spila á hljóðfæri.

- Leggja meiri áherslu á sögugerð barnanna.
- Nýta iPad meira til skapandi starfs.

Matslistar – umbótaáætlun

Mat barnanna á starfinu þarf að festa betur í sessi innan skólans. Óskað verður eftir starfsmanni eða starfsmönnum til að taka þetta verkefni að sér og útfæra. Mjög gott getur verið að tengja þetta við Barnasáttmálann og barnafundi. Það sem við teljum mikilvægt eftir fyrstu barnafundina er að gera lýðræðið sýnilegra, auka valdeflingu barnanna, hlusta betur á raddir þeirra, útskýra orðið lýðræði og nota í daglegu tali. Einnig að gera þeim grein fyrir að þau hafi oft val og kemur valtaflan mjög sterkt þar inn.

Börn

Heildarfjöldi barna innan leikskólans á að vera samkvæmt rekstrarleyfi sjötíu börn. Áfram er stefnt á að fjöldi barna á Álfasteini og Dvergasteini verði tólf börn á deild og á eldri deildum verði tuttugu og þrjú börn. Eins og staðan er núna eru ellefu börn á Álfasteini og Dvergasteini. Hins vegar eru tuttugu og fjögur börn á Dropasteini og tuttugu og fimm börn á Mánasteini. Var þetta gert vegna samsetningar barnahópsins auk þess sem beiðni kom um að taka inn barn aukalega eftir að úthlutun lauk að hausti vegna sérstakra aðstæðna. Næsta haust ætti þetta að fara aftur í eðlilegar skorður og fækkun barna á eldri deildum loks að verða að raunveruleika.

Sérkennsla

Í Furugrund er hefð fyrir því að sérkennsla sé sinnt af stakri prýði endar býður reynslu- og þekkingarmikill starfsmannahópur upp á það. Í ár hefur samtals verið úthlutað 26 tímum fyrir sérkennslu barna. Það þýðir að 3,25 stöðugildi eru til staðar til að sinna þessu hlutverki. Börnin eru á ábyrgð allra starfsmanna deildarinnar, þetta er gert til að auka yfirsýn allra og allir séu meðvitaðir um getu og styrkleika hvers barns. Þetta hefur verið stefna skólans í lengri tíma og er ekki að fara að breytast. Sérkennarar/stuðningsaðilar og sérkennslustjóri sjá svo í sameiningu um skipulagningu og framfylgd einstaklingsnámsskrár.

Ákveðið hefur verið að breyta heitum á hópum en fram til þessa hafa allir hópar verið kallaðir leikhópar. Nú verður breytingin á eftirfarandi hátt:

- Í málörvunarhópum verður áhersla lögð á málörvun, að auka orðaforða, bæta frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og að fara eftir fyrirsmælum.
- Í leikhópum verður áhersla á fínhyrningar, samskipti og börnin hvött til þátttöku.
- Í vinahópum verður áhersla á félagsleg samskipti, hegðun og atferli.

Sérkennslustjóri metur hversu oft þessir hópar hittast. Stefnt er að því að hóparnir hittist þvert á deildir ef hægt er. Sérkennslustjóri mun hitta deildarstjóra einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu barnanna á deildunum auk þess að taka þátt í deildarfundum að lágmarki einu sinni í mánuði.

Foreldrakönnun

Verður lögð fyrir vorið 2021. Áhugavert verður að sjá og vinna úr niðurstöðum hennar.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólaárið 2020 - 2021 munu starfa í Furugrund:

- Fjórtán leikskólakennarar – þar af fjórir leikskólasérkennarar
- Fjórir leikskólakennaranemar – tveir á meistarastigi og tveir á grunnnámsstigi. Auk þess er einn leikskólakennari að bæta við sig námskeiðum á meistarastigi.
- Sjö leiðbeinendur.
- Matráður og aðstoðarmatráður.

- Þrír starfsmenn í skilastöðu

Á þessu má sjá að mannauðurinn er mikill og mikil gróska fylgir því að hafa svo marga nema í leikskólakennarafræðum hjá okkur. Starfsaldur er hár í Furugrund og yfir 65% starfsmanna eru með um eða yfir tuttugu ára starfsreynslu í leikskólum. Aðeins 17% starfsmanna eru með þriggja ára eða minni starfsreynslu.

Árið 2020 voru tveir starfsmenn í varnarsóttkví hluta af árinu, leikskólastjóri í veikindaleyfi frá maí og út árið ásamt því að tveir starfsmenn komu úr fæðingarorlofi annar í ágúst en hinn í nóvember.

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Starfsmannakönnun og starfsmannasamtöl fóru fram að vori 2020 og er stefnt að því að starfsmannasamtöl fari einnig fram vorið 2021. Rýna þarf enn betur í niðurstöður þessa tveggja þátta og gera úrbætur og breytingar í kjölfarið. Einnig er full ástæða til að draga fram það sem vel er gert og gera sýnilegt bæði foreldrum og starfsfólki.

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Áframhaldandi þátttaka okkar í Erasmus+ Evrópuverkefninu „Game for the health-game for the future“ mun áfram skila okkur aukinni reynslu og nýjungum í starfi. Innleiðing Barnasáttmálans og að gerast réttindaskóli heldur áfram á þessu skólaári, vonandi á enn markvissari og skipulagðari hátt.

Stefnt er að því að útbúa gæðahandbók Furugrunda þar sem má finna upplýsingar og kennsluáætlanir á því hvernig ákveðnir þættir starfsins eru skipulagðir. Einnig þarf að uppfæra starfsmannahandbók fyrir nýja starfsmenn á komandi ári.

Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Skipulagsdagar verða fimm á árinu og þeir nýttir til að efla fagþekkingu, skipulag starfsins, endurmat og umbætur auk þess að efla andann og starfmannahópinn sem heild.

- 04. september starfsmannafundur – Vala, kjarasamningur, staða Evrópuverkefnis, aðalfundur starfsmannafélagsins og önnur mál, leiðtogafundir – hópastarf fram að jólum, deildarfundir – málefni einstakra barna rædd og skipulag deildar
- 02. október – Starfsmannafundur, ýmis mál. Anna Steinsen frá KVAN – þú hefur áhrif. Endurmat á námssviðinu sjálfbærni og vísindi. Unnið að gerð nýrrar skólanámsskrár. Fyrirlestrar á Menntakviku. (Féll niður vegna Covid 19 smits í leikskólanum). Starfsmenn hvattir til að fylgjast með Menntakviku.
- 19. nóvember – Starfsmannafundur, ýmis mál og kynning á Barnasáttmálanum. Anna Steinsen frá KVAN – Hvatning á tímum Covid. Starfsmannafundur framhald – stytting vinnuvikunnar. Endurmat á námssviðinu sjálfbærni og vísindi. Deildarfundir. Kynning á þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun.
- 15. janúar – Jákvæður agi, seinni hluti námskeiðs og starfsmannafundur, starfsmenn bjóða samstarfsfélögum upp á jógakennslu.
- 17.mars - farið yfir hvernig hefur gengið með styttingu vinnuvikunnar, unnið að gerð nýrrar skólanámsskrár. Slysavarnarnámskeið.
- 14.maí - verður dagskrá sumarsins skipulögð og drög að nýrri starfsáætlun gerð. Fulltrúi barnaverndar kemur með kynningu á starfssemi barnaverndar.

Endur- og símenntunaráætlun

Ekki hefur verið mikið rými til endurmenntunar þar sem námskeið og annað hafa þurft að lúta í lægra haldi fyrir Covid-19. Ef um nýliða verður að ræða fara þeir á nýliðanámskeið. Fyrir utan nýliðanámskeið er á döfinni slysavarnarnámskeið, fræðsla um Barnasáttmálann, kynning á starfssemi barnaverndar og seinni hluti námskeiðs um jákvæðan aga. Áætlað er að stór hluti starfsmanna fari á ukulele námskeið auk þess sem stefnt er að því að fá fyrirlestur á vegum KVAN á starfsdegi. Auk þess fara stakir kennarar eða nokkrir saman á stök námskeið sem í boði eru og ætla til dæmis nokkrir á námskeið vegna vináttu verkefnis Blæs. Fimm starfsmenn eru svo í háskólanámi samhliða starfi sínu.

Fundir

Fyrirhugaðar breytingar á skipulagi funda eru að við færumst meira yfir á rafræna fundi og munum nota Teams forritið.

- Deildarfundir og deildarstjórafundir hafa verið fastir í skipulagi okkar og er það mjög mikilvægt að það haldi sér áfram.
- Tekin verður upp sú nýbreytni að halda fagfundi tvisvar á ári.
- Foreldrarfundur að hausti verður ekki með hefðbundnum hætti vegna Covid og er stefnt að því að halda hann í gegnum Teams forritið. Það sama má segja með fundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins.

Rannsóknir

Furugrund hefur verið þátttakandi í pnemococarannsókn sýkladeildar Landspítalans síðastliðna áratugi þar sem tekin hafa verið nefstrok úr börnunum til að kanna útbreiðslu fjölonæmra baktería sem sýklalyf vinna ekki á. Rannsókninni hefur verið frestað ótímabundið.

Kennaranemar leikskólans munu fá leyfi til að sinna verkefnum sínum innan veggja skólans þegar svo ber undir að sjálfsögðu alltaf með leyfi foreldra.

Samstarf

Samstarf er gegnumgangandi í öllu leikskólastarfi. Samstarf við börnin, foreldra, hvort annað og alla utanaðkomandi aðila. Samstarf hefur almennt gengið mjög vel og verið farsælt.

Nemar

Næsta skólaár munu áfram fimm starfsmenn vera í námi samhliða vinnu og verða fjórir þeirra í námi með stuðning frá Kópavogsbæ með svokölluðum nemasamning sem felur í sér að greitt er fyrir allt að 35 daga fjarveru vegna námsins á skólaárinu auk umbuna í formi styrkja.

Viðhald

Viðhaldslistinn í Furugrund er ansi langur enda húsnæðið orði gamalt.

- Mála þarf allt húsið að innan.
- Mála þarf hurðir og glugga í öllu húsinu að innan.
- Setja þarf upp innréttingu á Mánasteini með rennandi vatni.
- Skipta þarf um öll salerni fyrir börnin í húsi nema á Dropasteini, setja hæglokandi setur á þau salerni. Setja þarf skilrúm og hurðir á salerni fyrir börnin.
- Athuga þarf með loftgæði og stöðu á fúkka á Mánasteini.
- Bráðabirgðadúkur er búin að vera á gólfum í tæp fjögur ár. Skoða þyrfti það mál.
- Setja þyrfti upp skilrúm í gráu stofu á Mánasteini.
- Setja þarf hillueiningu inn á Dropastein í staðinn fyrir gamlar upprunalegar hillur.

- Endurskoða þarf föndurstofu á yngri deildum og athuga hvort ekki er hægt að nýta plássíð betur.
- Setja upp felliborð inni á yngri deildum.

Öryggismál


- Börn sinna hlutverki eldvarnafulltrúa sem fara um skólann í mánaðarlegt eldvarnaeftirlit ásamt fulltrúa kennara.
- Brunaæfing verður einu sinni á önn en nokkur brotalöm hefur verið á slíkum æfingum.
- Von er á fulltrúa frá Vinnueftirlitinu nú í vetur þar sem farið verður yfir áhættumat, áætlanir varðandi heilsuvernd og forvarnir auk þess að fylgja eftir úrbótaáætlun í kjölfarið.
- Fulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti kemur árlega og sinnir reglubundnu eftirliti.
- Eftirlitsmaður frá BSI skoðunarstofu kemur og gerir árlega úttekt á útileiksvæði barnanna.
- Slysaskráning er nú rafræn og verður kynnt fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi haustið 2020.

Lokaorð

Starfs- og umbótaáætlun leikskólans Furugrundar 2020-2021 er hér með lögð fram. Haustið hefur verið annasamt og í mörg horn að líta auk þess sem starfandi leikskólastjóri er aðeins ráðinn til afleysinga. Haustið hefur verið krefjandi á marga vegu sérstaklega vegna glímunnar við Covid-19 sem hefur sett margt úr skorðum hjá okkur líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Þetta hefur allt saman reynt á starfssemi skólans og starfsfólk þar sem að mjög ítrekað hefur þurft að takast á við nýjar aðstæður og finna nýjar lausnir með endurtekinni endurskipulagningu vegna sóttvarna. Nauðsynlegt hefur verið að stokka upp starfsmannahópnum, færa fólk á milli deilda vegna manneklu og fá starfsmenn til að manna stöður sem eru ekki þeirra. Þetta hefur gengið vonum framar þrátt fyrir að oft hafi reynt á. Þessar óvenjulegu ytri aðstæður hafa haft mikil áhrif á störf stjórnenda og allra starfsmanna og áætlanir ekki alltaf haldið lengur en í nokkra daga. Stjórnendahópurinn er sterkur og hafa allir staðið sig vel í að vera góð fyrirmynd fyrir sitt fólk. Viljinn til að gera vel skín af starfsfólkinu og það hefur lagt sig allt fram til að halda óskertu skólastarfi við þessar óvenjulegu aðstæður. Börnunum er ávallt sinnt af umhyggju, alúð, fagmennsku og metnaði.

Aðkoma foreldra var einnig takmörkuð meira um rafræn samskipta en oft áður. Foreldraviðtöl voru til að mynda tekin í gegnum rafrænar leiðir þetta haustið, mæltist það vel fyrir, foreldrar glaðir og ánægðir og ósparir á hrós.

Það hefur verið heiður að vera treyst fyrir því að fá að stýra leikskólanum Furugrund þó ekki sé nema tímabundið með þetta frábæra starfsfólk mér við hlið. Starfsmannahópurinn er einstakur, færir kennarar og áhugasamir, sem kunna sitt fag við kennslu, uppeldi og umönnun barna. Stöðugleiki, metnaður, sveigjanleiki og jafnaðargeð er ríkjandi í hópnum. Börnin yndisleg og einstakt að fá að fylgjast með þeim þroskast og dafna í okkar höndum. Ég er því stolt og bljúg þegar ég skrifa þessi orð og vildi að ég gæti umbunað mínu fólk en nú hefur verið gert fyrir sitt framlag í baráttunni við heimsfaraldur. Við hlökkum til að takast á við verkefni skólaársins þau eru mörg og fjölbreytt og til þess fallin að gera gott enn betra.



Eva Sif Jóhannsdóttir

Leikskólastjóri

Leikskólinn Furugrund

Eva Sif Jóhannsdóttir, leikskólastjóri
Furugrund 1
200 Kópavogur

Kópavogur 6. desember 2020

Umsögn foreldraráðs leikskólans Furugrunda um starfsáætlun 2020/2021

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlunina. Framsetning er til fyrirmyndar og hún gefur glögga mynd af starfinu. Við tökum undir þau markmið sem sett eru í umbótaáætlun leikskólans.

Í starfsáætlun er áberandi sú áhersla sem skólinn leggur á fjölbreytt skólastarf, alþjóðlegt samstarf og skólaþróun. Metnaður leikskólans í þessum efnum kemur meðal annars fram í stefnu skólans til að verða réttindaskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og þátttöku í Erasmus+ verkefnum. Það er skoðun foreldraráðs að þessi vinna skili sér inn í faglegt skólastarf með jákvæðum hætti. Þar að auki er lögð áhersla að börnin fái að njóta sín í fjölbreyttum verkefnum úti og inni sem þroska bæði hreyfiproska og félagsfærni.

Almenn ánægja er með foreldrasamstarfið í Furugrund sem byggir ekki síst á stöðugleika í starfi skólans. Starfsmenn sinna starfi sínu með mikilli fagmennsku. Skólinn hefur bætt upplýsingaflæði til foreldra með vikulegum fréttabréfum sem gefa gott innsæi inn í starf skólans og er það ánægjulegt. Starfsáætlun sýnir að starfsfólk skólans eru heilt yfir ánægt sem er í samræmi við upplifun foreldra. Þessi starfsánægja er væntanlega meginástæða þess að starfsmannavelta leikskólans er mjög lítil sem eykur enn á stöðugleika skólans.

Helsta áhyggjuefni foreldraráðs er ástand húsnæðis skólans. Húsið er gamalt og því þarf að passa vel upp á viðhald. Sum verkefni má flokka sem eðlilegt viðhald, t.d. er kominn tími á að mála allt húsið að innan, setja þarf upp hillur á sumum deildum, á öðrum stöðum vantar skilrúm og skoða þarf að skipta út gólfdukk sem var settur til bráðabirgða fyrir fjórum árum. Önnur verkefni mætti telja sem heilbrigðismál, t.d. staða salernismála barna og loftgæði á einni deild sérstaklega. Það er því eindregin ósk foreldraráðs að viðhaldslisti skólans, sem er mjög skýr og greinargóður í starfsáætlun, verði tekinn til skoðunar og reynt sé eftir fremsta megni að koma til lagfæra þá þætti sem þar eru nefndir, enda er húsnæðið sem leikskólinn Furugrund starfar í vinnustaður barna og starfsmanna.

Foreldraráð, skipað Bergdís Geirsdóttur, Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Lovísu Guðmundsdóttur, hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans.

Kópavogi, 6. desember 2020
F.h. foreldraráðs leikskólans Furugrunda
Bergdís Geirsdóttir

Bergdís Geirsdóttir.